

Svartbók kommúnismans - glæpir, ofsóknir, kúgun

Bókarhöfundur: Stéphane Courtois, Nicolas Werth, Jean-Louis Panné, Andrzej Paczowski, Karel Bartosek og Jean-Louis Margoli.

Bókarheiti: Svartbók kommúnismans - glæpir, ofsóknir, kúgun

Ritstjórn og þýðing: Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði

Gagnrýnandi: Kjartan Emil Sigurðsson, stjórnmálafræðingur

Útgáfa: Háskólaútgáfan, Reykjavík 2009, 828 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: *"Marxismi-lenínismi var og er enn trúarkenning. Lenín var auðvitað í lifanda lífi snjall kenningasmiður sem kom með það í vaf sem „lenínismi“ var. Það skýrir að stórum hluta vinsældir marxisma-lenínisma í vanþróuðum ríkjum heimsins. „Svartbókin“ er þægileg aflestrar og auðlesin. Hún hefur að geyma staðreyndir og einhverjar nýjar upplýsingar sem eiga erindi við alla."*

LAGT Í MIKIÐ

Hér er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Sú bók sem hér er fjallað um – Svartbók kommúnismans – er sporgönguverk annars rits sem heitir á ensku „The Complete Black Book of Russian Jewry“. Í þeirri bók er safn ritgerða um ofsóknir Stalíns og stalínismans á hendur gyðingum í Sovétríkjunum. Hún var að mestu skrifuð eftir leyniræðu Nikíta Krútsjoffs sem flutt var árið 1956. Höfundar „hinnar altæku svartbókar rússnesks gyðingdóms“ eru gyðingar sem lifðu og störfuðu í Sovétríkjunum sálugu. Bókin var tilbúin í byrjun 7. áratugarins en fékkst ekki útgefin þar í landi. Það var ekki fyrr en eftir endalok Sovétríkjanna að heildarútgáfa síðarnefndrar bókar kom út á ensku undir þessu heiti. Svartbók kommúnismans gerir það sama og þjónar þeim tilgangi að gera reiknisskil fyrir kommúnismann um víða veröld. Allstór hluti þeirrar sögu felur í sér umfjöllun um gyðingaofsóknir eins og gert er í „hinni altæku svartbók rússnesks gyðingdóms“. Hér er því í ansi mikið lagt og raunar hætt við að upplýsingar úreldist hratt með opnun á skjalasöfnum og útgáfu heimilda og sagnfræðiritra.

Mikil gróska hefur verið undanfarin ár í söguritun um Mið- og Austur-Evrópu. Þetta stafar af betra aðgengi að skjalasöfnum þar eystra. Eftirminnilegt er þegar höfundur „Stalíngráð“ flutti fyrirlestur í Hátíðarsal HÍ um starf sagnfræðingsins við að víða að sér heimildir um þá miklu orrustu sem kennd er við téða borg. Í „Svartbók kommúnismans“ er stuðst við tiltækar heimildir sem nálgast mátti á þeim tíma sem bókin er skrifuð. Síðan þá má með nokkrum sanni segja að mikið vatn hafi runnið til sjávar. Höfundar eins og Robert Service, Simon Sebag Montefiore og KGB-sagnfræðingurinn Dimitri Volkagov hafa gert gangskör í því að fjalla um Sovétríkin og sögu kommúnismans. Hinn síðastnefndi er látinn en hann var Rússi sem fjallaði um söguna frá sjónarhóli „KGB-apparatchik“. Til dæmis skrifaði Volkagov ævisögu Leníns sem í enskri þýðingu heitir „Triumph and Tragedy“.

Þýðandi sá er íslenskaði „Svartbók kommúnismans“ er sér þess vel meðvitaður að Stalín tókst ekki ætlunarverk sitt að smíða „Homo Sovieticus“. Flutningur á fólki um það mikla landflæmi sem Sovétríkin voru átti að tryggja það sem á íslensku heitir hinn sovéska manni og sovéska þjóð. Samkvæmt þeim landabréfum sem prýða „Svartbókina“ var mikill flutningur á framandi þjóðum til Eystralsaltssvæðisins í Sovétríkjunum. Þess má sjá merki enn í dag í því að töluverður fjöldi Rússa heyr lífsbáttu sína í hinum nýfrjálsu ríkjum Eistlandi, Lettlandi og Lithaugalandi. Einnig er vert að gera sér grein fyrir því að drjúgur fjöldi gyðinga elur manninn í síðastnefnda ríkinu sem er betur þekkt á íslensku sem Litháen.

Fyrir ferðalang sem lagði leið sína til Sovétríkjanna í júlí árið 1987 var margt að gaumgæfa. Í ferðanesti hafði manni verið tjáð að Sovétríkin ættu sér engin trúarbrögð, en þó virtist augljóst að marxismi-lenínismi hefði þá stöðu. Í annan stað var gefið út af sovéskum yfirvöldum að ráðstjórnin ætti sér enga sögu (þýðandi „Svartbókarinnar“ kýs orðið „ráðstjórn“ sem íslenskun á „sovét“). Þegar komið er til Leníngráðs sem nú heitir Pétursborg má manni ljóst vera að sagan er í reynd alls staðar og umlykur allt í Sovétríkjunum sálugu. Þar var og er enn að finna stytta eina af stofnanda borgarinnar, Pétri mikla. Hefur Árni Bergmann haldið fram þeirri skoðun að Pétur mikli standi af sér alla storma rússneskrar sögu. Í Moskvuborg er grafhýsi Leníns við Rauða torgið. Þar er sagan líka alltumlykjandi. Lenín er skáeygður eins og mongóli, en vitað er að Rússar bera óttablanda virðingu fyrir hinu austræna eða asískum mongólum. Asískir mongólar réðu ríkjum á sléttunum í kringum land Muskóvíta um tveggja alda skeið. Héldu járngreip sinni um lönd þessi en á meðan var endurreisnin að gera gagn sitt í Vestur-Evrópu.

Marxismi-lenínismi var og er enn trúarkenning. Lenín var auðvitað í lifanda lífi snjall kenningasmiður sem kom með það ívaf sem „lenínismi“ var. Það skýrir að stórum hluta vinsældir marxisma-lenínisma í vanþróuðum ríkjum heimsins. Dæmi eru lönd Indókína en í „Svartbókinni“ eru afleiðingum kommúnismans (les: marxisma-lenínisma) í Kambódíu og Víetnam gerð skil. Athyglisvert er að höfundar „Svartbókarinnar“ skella skuldinni af hörmungum blóðvallanna í Kambódíu að hluta eða öllu leyti á nágrannaríkið Víetnam. Það er líklega rétt og minnkar ekki sekt Pol Pots. Minnisstætt er að eftir útkomu „Le Livre Noir du Communisme“ sem er upphaflegt heiti þessarar bókar var viðtal við umræddan Pol Pot í Far Eastern Economic Review, þ.e. árið 1998. Þar kemur fram að hann iðrist einskis. Fjöldamorð á menntamönnum og saklausum vegfarendum kom ekki við samvisku mannsins sem nú er látinn.

Allnokkur umræða hefur verið að undanförunu á Íslandi um kórréttan skilning á sögu kalda stríðsins, hvaða málflutningur endurspeglir þá orðræðu sem á sér stað á alþjóðavettvangi um kalda stríðið og sögu þess. „Svartbókin“ er ef rétt er skilið ekki bundin við það tímabil sem kennt er við kalt stríð. Frekar er sjónum beint að afleiðingum Októberbyltingarinnar í Rússlandi á sögu „sjötta hluta heimsins“ og aðra heimshluta sem voru og eru enn í dag undir járnhæl kommúnismans. Kannski er rétt að rifja upp að Henry Kissinger spurði einhverju sinni kínverskan kommúnistaleiðtoga hvernig sá síðarnefndi mæti afleiðingar frönsku stjórnarbyltingarinnar. Svárið var: Það er of snemmt að segja til um það hverjar eru afleiðingar áráttanna 1789-1795 í Frakklandi. Sama mætti þá segja um afleiðingar rússnesku byltingarinnar árið 1917; og byltinganna sem gengu yfir Mið- og Austur-Evrópu „örlaga-árin góðu“ 1989-1991. En svo vikið sé aftur að kalda stríðinu: Robert Kagan hefur lýst þeirri skoðun að hin hugmyndafræðilega barátta sem einkenndi kalda stríðið eigi vel við um það sem nú einkennir alþjóðastjórnsmál. Um sé að ræða hugmyndafræðilega baráttu milli lýðræðis annars vegar og hins vegar öfgastefnu hryðjuverkamanna. Samkvæmt þessari skoðun er afar mikilvægt að ígrunda sögu kalda stríðsins einmitt með skírskotun til samtímans eftir lok kalda stríðsins. Það gerir „Svartbókin“ að drjúgum hluta. Ekki skal tekin afstaða til þess hvort umræða á Íslandi um kalda stríðið sé einkennandi fyrir það sem gerist í alþjóðlegum fræðiritum. Einnig hér leggur „Svartbókin“ drjúgan skerf til þess að opinbera villur kommúnismans/sósíalismsans.

John Lewis Gaddis sem hefur komið til Íslands og fjallar mikið um kalda stríðið reit á sínum tíma grein um siðfræði og alþjóðamál. Hann bendir í henni á það að það skipti máli að gera „body count“, telja líkpökana, eins Lyndon B. Johnson gerði í Víetnamstríðinu. Hvern einasta morgun á forsetatíð hans lét Johnson Bandaríkjaforseti færa sér ferskar og nýjar tölur um fjölda látinna. „Svartbókin“ gerir einmitt þetta, það að telja líkin sem fallið hafa í gleymskunnar dá ef ekki væri fyrir starf samtaka eins og hinna rússnesku „Memorial“, og skrif sagnfræðinga og annarra. „Svartbókin“ gefur upp ágiskun um það hversu margir hafi látið lífið vegna þess sem við köllum flest kommúnisma, en margir þekkja líka sem sósíalisma. Ekki sósíalisma með mannlegri ásjónu heldur einbeittan brotavilja einræðissegga sem boðuðu mannhatusstefnu. Í þessu samhengi er athyglisvert að nefna að bókin „Ungi Stalín“ er komin út í íslensku þýðingu.

John Lewis Gaddis rifjar upp í áðurgetinni grein að í hernumdu Þýskalandi hafi verið mikill munur á framkomu hermanna rauða hersins og vestrænna herja undir stjórn Dwight D. Eisenhower herforingja. Í austrinu hafi þýskar konur orðið fórnarlömb fjöldanauðgana, en nauðganir hafi ekki verið alvarlegt vandamál vestanmegin. Þannig bendir Gaddis á að siðlegt háttalag fari saman við lýðræði sem Bretar, Frakkar og Bandaríkjamenn búa við enn í dag. Stalín var beðinn að grípa inn í og stöðva fjöldanauðganir á þýskum konum. Svar generálsins var í þá veru að hermennirnir þyrftu að fá að skemmta sér yfir einhverju litlu.

„Svartbókin“ er þægileg aflestrar og auðlesin. Hún hefur að geyma staðreyndir og einhverjar nýjar upplýsingar sem eiga erindi við alla. Á tuttugu ára afmæli hruns Berlínarmúrsins er vissulega rétt að gaumgæfa sögu sósíalismsans, kommúnismans og þeirra glæpa sem framdir voru í nafni mannhatusstefnu.